

# ÖRNEFNANEFND

Örnefnanefnd  
Laugavegi 13  
101 Reykjavík

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 4  
880 Kirkjubæjarklaustri

Reykjavík, 12. desember 2022

## **Efni: Umsögn um nafnið *Helgatindur***

Í bréfi Skaftárhrepps til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, dags. 22. nóvember 2022, segir að sveitarfélagið hafi fyrir sitt leyti samþykkt tillögu að nafni á áður ónefndum fjallstindi á Vatnajökli og vísi erindinu til nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum „til ákvörðunartöku“, eins og þar segir. Stofnunin sendi málið áfram til örnefnanefndar til umfjöllunar

Athygli skal vakin á því að hvorki Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum né örnefnanefnd hafa það hlutverk að taka ákvarðanir um ný nöfn á náttúruframbærum. Í lögum um örnefni, nr. 22/2015, er í 7. gr. fjallað um nafngiftir nýrra náttúruframbæra. Þar segir:

- Ef nýtt náttúruframbæri þarnast nafns ber viðkomandi sveitarstjórn að hafa frumkvæði að nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar. Utan stjórnarsýslumarka sveitarfélaga liggur frumkvæði að nafngift hjá ráðherra.
- Tillögu að nýju nafni ber að senda ráðherra til staðfestingar. Þegar ráðherra hefur staðfest nýtt nafn skal sveitarstjórn eða eftir atkvikum ráðherra upplýsa Landmælingar Íslands um nýja nafngift.

# ÖRNEFNANEFND

Með áður nefndu erindi Skaftárhrepps fylgir afrit af bréfi, dags. 11. nóvember 2022, til sveitarfélagsins frá Gunnari Guðmundssyni, prófessor við Háskóla Íslands, Snævari Guðmundssyni, sviðsstjóra á Náttúrustofu Suðausturlands og Leifi Erni Svavarssyni fjallaleiðsögumanni. Í bréfinu er lagt til að tiltekinn fjallstindur á Vatnajökli verði nefndur *Helgatindur* til heiðurs Helga Björnssyni jöklafræðingi. Í bréfinu er tindinum nákvæmlega lýst, m.a. með tilliti til staðsetningar, og tillaga að hinu nýja nafni rökstudd.

Landmælingar Íslands halda utan um opinberan örnefangrunn í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þegar ákveða skal hvort skrá eigi í opinberan örnefnagrunn nafn á náttúrufríbærri, sem ekki hefur áður borið nafn þar, er frumskilyrði að skapast hafi hefð fyrir nafninu. Þar sem nafnið *Helgatindur* er ný tillaga er ljóst að um hefð er ekki að ræða í þessu máli.

Eins og áður segir gerir 7. gr. laga um örnefni ráð fyrir að sveitarfélög eða ráðherra hafi frumkvæði að nýjum nafngiftum náttúrufríðbæra í ákveðnum tilvikum, þ.e. þegar um ný náttúrufríbærri er að ræða, og jafnframt að leitað sé umsagnar örnefnanefndar um slíkar nafnatillögur. Örnefnanefnd er ekki fullljóst hvort fjallstindurinn, sem hér um ræðir, telst nýtt náttúrufríbærri. Í áður nefndu bréfi Guðmundar, Snævars og Leifs Arnar segir að líklegt sé að tindurinn hafi komið undan jökli á 20. öld. Að því virtu telur nefndin ekki útilokað að líta svo á að áður nefnd 7. gr. örnefnalaga geti átt við í þessu tilviki.

Að því sögðu áréttar nefndin að hlutverk hennar samkvæmt 7. gr. laganna er einungis að veita umsögn um nöfn á nýjum náttúrufríbærum. Frumkvæði að nafngiftum skal koma frá sveitarfélögum, en endanlega ákvörðun tekur ráðherra (menningar- og viðskiptaráðherra skv. núgildandi stjórnskipun).

Í umsögnum örnefnanefndar er tekið mið af tilteknum almennum sjónarmiðum, einkum þeim að ný örnefni taki mið af staðháttum og örnefnahefð og séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju, sbr. 1. gr. laga um örnefni. Hvað snertir nafngiftir þar sem náttúrufríbærri eru kennd við fólk hefur örnefnanefnd fylgt því megin sjónarmiði, sem byggir á tilmælum í ályktun sérfræðingahóps um örnefni, sem starfar á vegum Sameinuðu Þjóðanna (UNGEGN), að ekki skuli nefna náttúrufríbærri eftir núlifandi fólki. Þetta sjónarmið er tilgreint í bæklingnum *Örnefni: leiðbeiningar handa sveitarfélögum um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufríðbæra* (sjá bls. 7) sem nefndin hefur gefið út samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landmælingar Íslands. Bæklingurinn er aðgengilegur á

## ÖRNEFNANEFND

Laugavegur 13, ÍS-101 Reykjavík  
Sími 525-4432 • Netfang ornefnanefnd@hi.is

# ÖRNEFNANEFND

rafrænu formi á heimasíðu örnefnanefndar (ornefnanefnd.is). Örnefnanefnd telur ekki rétt að mæla með nafngift sem gengur í berhögg við áðurnefnd tilmæli.

Virðingarfyllst  
f.h. örnefnanefndar,



---

Bergur Þorgeirsson, formaður

Afrit:

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík